

Kratus ehf.  
Klafastaðavegi 4  
301 Akranes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
17. júlí 2014 8.7.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. júlí 2014  
Tilvísun: UST20130800010/edk

### Staðfesting á úrbótum móttekin - álagningu dagsekta hætt

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 30. maí sl. þar sem ákveðið var að leggja dagsektir að upphæð 50.000 kr á dag á Kratus ehf. vegna frávíks frá gr. 2.14 í starfsleyfi fyrirtækisins. Frávikið snýr að geymslu og uppsöfnun saltköku (einnig nefnt gjallsandur í starfsleyfi) við ófullnægjandi aðstæður. Saltkakan var geymd óvarin og á malarplani, en í starfsleyfi segir að hana skuli geyma í vel lokuðu geymslurými. Um er að ræða spilliefni sem í snertingu við vatn getur myndað eldfim gös í hættulegu magni.

Álagning dagsekta hófst 13. júní sl. en þann 2. júlí sl. tilkynnti rekstraraðili að bætt hefði verið úr frávikinum með því að færa saltkökuna inn í gáma og engin saltkaka væri nú óvarin á lóð rekstraraðila. Þann 9. júlí sl. fór fulltrúi Umhverfisstofnunar á svæðið til að taka út úrbæturnar og gerði athugasemdir við efni sem líktist saltköku á baklóð fyrirtækisins, rekstraraðili sagði efnið ekki vera saltköku en flutti hana þó inn að beiðni stofnunarinnar sem gat ekki tekið skýringar rekstraraðila gildar þar sem efnagreiningar á umræddu efni liggja ekki fyrir.


**Umhverfisstofnun metur það svo að gerðar úrbætur séu fullnægjandi og hefur hætt álagningu dagsekta frá og með 2. júlí sl. Álagðar dagsektir fyrir tímabilið 13. júní til 1. júlí (báðir daga meðtaldir) verða innheimtar af sýslumanni.**


Í grein 2.14 í starfsleyfi kemur einnig fram að tímabundin uppsöfnun og geymsla saltköku má ekki vera til langframa og má mest nema 2000 tonnum. Umhverfisstofnun ítrekar því mikilvægi þess að rekstraraðili standi við áætlanir sínar um útflutning efnisins til viðurkennds móttökuaðila.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Skv. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Eftirfylgnimáli sem hófst með áformum um áminningu, sbr. bréf dagsett 1. nóvember 2013 er nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013.

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug Einarsdóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

